



Grunnskólinn í Stykkishólmi

Starfsþróunaráætlun

2021 – 2022



STARFSÞRÓUN

Menntun er ævilangt ferli. Símenntun er mikilvæg til þess að auka þekkingu og færni starfsfólks. Hún stuðlar að þróun í starfi og eykur ánægju starfsfólks. Hver starfsmaður í Grunnskóla Stykkishólms ber ábyrgð á því að viðhalda færni sinni og endurnýja þekkingu. Starfsþróunina má vinna á eigin vegum eða í samvinnu við annað fagfólk. Mikilvægt er að starfsþróunin samanstandi af sem flestum af eftirfarandi þáttum til þess að viðhafa fjölbreyttar námsaðferðir.

- Endurmenntunarnámskeið
- Háskólanám
- Starfsrannsóknir
- Ráðstefnur
- Málþing
- Fyrirlestrar
- Starfsmannafundir
- Leshringir
- Fagleg samræða þ.m.t. á samfélagsmiðlum
- Lestur fræðiritra
- Lestur blaðagreina
- Lestur bóka
- Fræðsluþættir
- Lestur á neti
- Handleiðsla starfsfélaga
- Þróunarverkefni
- Kenna samstarfsmönnum
- Ýmis ígrundun
- Setið í kennslustund annara
- Skólaheimsóknir innanlands (vinnuskipti)
- Twitter
- Fræðandi fimmtudagar (sá sem heldur fær hærri stuðul í endurmenntun)
- Samtal um starfið

Síðustu ár hafa kröfur til kennara og annars starfsfólks skóla verið að aukast og breytast. Vegna þess skiptir starfsþróun miklu máli. Þessar breytingar eru meðal annars:

- nýjar kennsluáðferðir
- einstaklingsmiðað nám
- nýjar áherslur í menntamálum
- kröfur um sveigjanleika í starfi
- nýir möguleikar í upplýsingatækni

STARFSÞRÓUN – RÉTTINDI OG SKYLDUR

Starfsþróunaráætlun Grunnskólans í Stykkishólmi á að vinna að markmiðum sem lýst er í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 12 og kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) við Kennarasamband Íslands (KÍ), kjarasamningum Starfsmannafélags- Dala og Snæfellsnessýslu og kjarasamningum Verkalýðsfélags Snæfellinga.

FJÁRMÖGNUN STARFSÞRÓUNAR

Vinnustaður greiðir 100%	Kostnaði skipt á milli beggja	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaður greiðir laun starfsmanna og þáttökugjöld.	Vinnustaður greiðir laun en starfsmaður annan kostnað með styrkjum t.d. úr sjóðum KÍ.	Starfsmaður greiðir forfallakennslu og þáttökugjöld með styrkjum eða úr eigin vasa.
Vinnustaður fer fram á þátttöku.	Starfsmaður óskar eftir þátttöku og tengsl við starf eru ljós.	Starfsmaður óskar eftir þátttöku en tengsl við starf eru óljós.

Sjóðir sem starfsmenn geta sótt um styrki til eru m.a.:

- Endurmenntunarsjóðir Kennarasambands Íslands (t.d. þróunarstarf, námslaun, námskeiðsgjöld, ferðastyrkir)
- Starfsmenntunarsjóður SDS
- Sprotasjóður (styrkir þróunarstarf)
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla (skólar sækja um styrki)

VIÐMIÐUNARTÍMAR

Fjöldi stunda í starfsþróun fer eftir aldri kennarans og er samhangandi við orlofsrétt hans:

Kennarar	Endurmenntun	Orlofsréttur
Allir	150 klst	30 dagar

Þar að auki leggst 33% álag á endurmenntunina ef hún fer fram á starfstíma skólans og 45% sé hún á frídögum eða um helgar.

FRAMKVÆMD STARFSÞRÓUNAR

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana


Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun og tekur þátt í gerð eigin starfsþróunaráætlunar, sinnir eftirfylgni og óskar eftir aðstoð ef þörf er á. Hver og einn starfsmaður greinir skólastjóra frá þeim þáttum í símenntun sem þeir hafa áhuga á. Viðhorf og vilji starfsmanna skiptir öllu máli varðandi það hvort starfsþróunin nýtist honum vel eða ekki. Það er einnig á ábyrgð hvers starfsmanns að halda skrá um þátttöku sína í símenntun og öðrum starfsþróunarverkefnum. Samantektina kynnir starfsmaðurinn fyrir sumarfrí ár hvert.

Forgangsraðað er í samræmi við fjármagn og áherslur skólans. Reynt verður að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni ásamt því að skoða þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Ef starfsmaður stundar fjarnám getur hann sótt um leyfi á launum til þess að sækja staðbundnar lotur ef skólastjóri metur að námið tengist beint starfi viðkomandi starfsmanns. Slíkt leyfi er veitt að hámarki 10 annir. Óski starfsmaður eftir leyfi vegna framhaldsnáms þarf að sækja um það tímanlega.

Starfsþróunaráætlun starfsfólks er í stöðugri endurskoðun og getur breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Starfsþróunaráætlun skólans er hægt að nálgast á vefsíðu hans.

STARFSÞRÓUNARFERLI Í GSS



STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN GRUNNSKÓLANS Í STYKKISHÓLMI

Helstu áherslur

- allir starfsmenn eiga að hafa svigrúm til þess að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans
- allir starfsmenn eiga að þekkja hugmyndafræði og vinnubrögð agamála skólans
- allir starfsmenn eiga að hafa grunnfærni í skyndihjálpi
- allir starfsmenn eiga að þekkja til lesblindu, einhverfu og ADD/ADHD
- allir kennarar eiga að taka þátt í þróun kennsluhátta og námsmats í takt við kröfur aðalnámskrár
- allir kennarar eiga að þekkja til leiðsagnarmats

Skólaárið 2021 - 2022 eru eftirfarandi starfsþróunarverkefni meðal annars á dagskrá

<i>Hverjir</i>	<i>Hvað</i>	<i>Hvenær</i>	<i>Tímafjöldi</i>
Allir hafa möguleika á að skrá sig	Ráðstefna Samtaka áhugafólks um skólaþróun í Norðlingaskóla - Öll börnin okkar: Hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp? https://skolathroun.is/agustradstefnan-2020-oll-bornin-okkar-hvernig-komum-vid-til-mots-vid-fjolbreyttan-nemendahop/	13. ágúst 2021	
Allir	Skólamálaþing á vegum Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga – Nám við hæfi: https://skolastofan.is/nam-vid-haefi/ Framhald á skipulagsdegi	18. ágúst 8. október	9:00 – 15:00
Kennarar í 1. – 3. bekk	Byrjendalæsi	Námskeið í ágúst og innleiðing allan veturinn ásamt Ásdísi	27 tímar

		Árnadóttur leiðtoga	
Allir starfsmenn velkomnir	Menntabúðir Vesturlands	Annað slagið yfir veturinn	(2 tímar + akstur)*1,33
Kennarar	Skólaheimsóknir innanlands, kennarar skiptast á að leysa hvern annan af.	Ótímasett	Breytilegt
Streymi frá fundum, ráðstefnum og/eða málþingum	Þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni T.d. fyrirlestrarröð frá Rannsóknunum og greiningu o.fl.	Annað slagið yfir veturinn	Ekki vitað á þessari stundu
Kennarar	Spjall um starfið	Reynt að finna tíma sem hentar sem flestum	Klukkustund í senn
Allir	Utís	5. - 6. nóvember	
Kennarar	Kennarar sitja í kennslustund hjá öðrum kennara – helst af öðru stigi	Hver og einn finnur tíma sem hentar	Kennslustund í senn
Allir	Menntabúðir innan skólans	Á skipulagsdegi	

Í starfsþróunaráætlun skólans kemur fram að allir starfsmenn eigi að hafa þekkingu á vissum sviðum. Vinsamlegast hakaðu við það sem á við þig:

Skyndihjálp

- Ég hef tekið skyndihjálp hjá Einari Strand

Lesblinda

- Ég hef kynnt mér eftirfarandi efni um lesblindu
- Eflum lesskilning kafla 1.1 1.2 1.3 1.6 4 5.1 5.2 5.3 5.4 5.5 5.6 5.7 5.8 5.9
 - Lesblinda.is
 - Youtbe (dyslexia)

Aðalnámskrá

1. kafli Hlutverk aðalnámskrár
2. kafli Almenn menntun
3. kafli Mat og eftirlit?
4. kafli Hlutverk grunnskóla
5. kafli Almenn menntun í Grunnskóla
6. kafli Grunnþættir í menntun og áhersluþættir í grunnskólalögum
7. kafli Nám og kennsla
8. kafli Inntak og skipulag náms
9. kafli Námsmat í grunnskóla
10. kafli Mat á grunnskólastarfi?
11. kafli Skólaþróun
12. kafli Skólanámskrá og starfsáætlun skóla
13. kafli Ábyrgð og skyldur
14. kafli Tengsl heimila og skóla
15. kafli Tengsl skólastiga

17. kafli Greinasvið

18. kafli Lykilhæfni

Leiðsagnarmat

- Efni á k-drifi

Einhverfa

- Ég hef kynnt mér eftirfarandi efni um einhverfu
 - Einhverfa.is
 - Greining.is
 - Verkfærakista – toolkit
 - Einhverfa og aðrar raskanir á einhverfurófi
 - Cat kassinn
 - Önnur skynjun, ólík veröld
 - Efni á youtube

ADHD

- Ég hef kynnt mér eftirfarandi efni um ADD/ADHD
 - Adhd.is
 - Greining.is
 - ADHD og farsæl skólaganga kafli 1 2 3 4 5 6 7 8 9
 - Lærðu að áta þér líða vel og vera í jafnvægi kafli 1 2 3 4 5 6 7
 - Fyrsta bókin um Sævar
 - Stúlkur og ADHD
 - Börn með ADHD
 - ADHD utan skólastofunnar
 - Efni á youtube

